

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa starfsfólks í leikskólum um námsleyfi í leikskólum

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 22. mars 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa starfsfólks í leikskólum:

Hvað eru margir starfsmenn í námsleyfi í leikskólum á vegum Reykjavíkurborgar? Heildartala þeirra sem hafa fengið námsleyfi frá því að þau voru tekinn upp aftur? Hversu margir leiðbeinendur í B.ed. námi eru í námsleyfi? Hversu margir leikskólakennarar eru í námsleyfi vegna meistaranáms? Hversu margir með aðra háskólamenntun eru í námsleyfi vegna kennsluréttinda? Hversu mikið fjármagn er sett í þetta verkefni og hvað margir starfsmenn leikskóla eiga kost á námsleyfi?

Svar:

Í töflunni hér að neðan eru upplýsingar um heildarfjölda starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar sem hafa fengið úthlutað námsleyfum frá árinu 2015, skipt eftir árum og í hvaða nám. Athugið að sami starfsmaðurinn getur fengið úthlutað námsleyfi oftari en einu sinni og sömuleiðis getur verið að starfsmaður fái úthlutað námsleyfi en fresti námi, hætti í námi eða hætti í starfi.

| Fjöldi starfsfólks í leikskólum sem hefur fengið úthlutað námsleyfum | | | | |
|--|-------|----------------|----------------------------------|---------|
| | B.Ed. | M.Ed./MT/Annað | Leikskólakennarar í viðbótarnámi | Samtals |
| 2015-2016 | 11 | 34 | | 45 |
| 2016-2017 | 17 | 21 | | 38 |
| 2017-2018 | 17 | 27 | 9 | 53 |
| 2018-2019 | 24 | 35 | 9 | 68 |
| 2019-2020 | 23 | 38 | 9 | 70 |
| 2020-2021 | 37 | 54 | 16 | 107 |
| 2021-2022 | 32 | 37 | 9 | 78 |
| 2022-2023 | 42 | 60 | 10 | 112 |
| Samtals | 203 | 306 | 62 | 571 |

Svo sem fram kemur í töflunni eru samtals 112 starfsmenn í námsleyfi veturinn 2022 til 2023. Þar af eru 60 í námsleyfi vegna meistaranáms og 42 starfsmenn í námsleyfi vegna B.Ed. náms.



Reykjavíkurborg

Ekki liggja fyrir upplýsingar um grunnenntun starfsfólks sem er í námsleyfi vegna meistaranáms.

Varðandi hve mikið fjármagn er sett í verkefnið er upplýst um að um það bil 30 milljónir króna eru áætlaðar í þetta verkefni og hefur það nýst til að veita um 110 starfsmönnum námsleyfi árlega.